



GRINDAVÍKURBÆR

**Heiðursviðurkenningar á hátíðarfundum  
bæjarstjórnar Grindavíkurbæjar í tilefni af  
50 ára kaupstaðarafmæli bæjarins 10. apríl 2024**

## **Aðalgeir Jóhannsson – Bæjarstjórn Grindavíkurbæjar veitir þér heiðursviðurkenningu fyrir framúrskarandi störf í þágu menningarmála í Grindavík.**

Aðalgeir Jóhannsson þekkja flestir Grindvíkingar sennilega betur undir nafninu Alli á Eyri. Hann fæddist 28. júlí árið 1950 á Valdastöðum í Grindavík. Haustið 1952 fluttist Alli til Færeyja með foreldrum sínum en kom aftur til Grindavíkur árið 1955.

12 ára gamall lagði Alli grunninn að framtíðarstarfinu þar sem hann lærði að fella net hjá Hjalta Magnússyni. Alli fór á samning hjá Jóni Leósyni og lærði netagerð. Hann útskrifaðist með gagnfræðapróf frá Héraðsskólanum á Laugarvatni árið 1967. Samhliða námi stundaði Alli m.a. sjómennsku.

Vorið 1974 ákvað Alli að fara út í sjálfstæðan rekstur og stofnuðu hann og bróðir hans Kristinn netagerðina Möskva. Netagerðamennirnir Alli og Kristinn bróðir hans opnuðu Bryggjuna kaffihús árið 2009. Þeir bræður kappkostuðu að fanga sögu tónlistar og sjávarútvegs í Grindavík. Útsýnið frá kaffihúsinu var ekki af verri endanum, sjálf höfnin og innsiglingin í Grindavík – lífæð bæjarins. Með tímanum vann þetta litla kaffihús hug og hjörtu heimamanna sem og ferðamanna. Ákveðin beitningarstemning ríkti á kaffihúsinu en Alli hefur nefnt það, að á sínum tíma voru beitningararkúrar miklar menningarstofnanir og fannst þeim bræðrum mikilvægt að kaffihúsið varðveitti útlit og anda slíkra húsakynna. Fastir viðburðir voru haldnir á Bryggjunni eins og bókakvöld, Grindavíkurkrónikan og fundirnir milliliðalaust sem haldnir voru á miðvikudagsmorgnum en þar komu t.d. stjórnmalamenn og ræddu helstu álitamál.

Bræðurnir Aðalgeir og Kristinn hlutu menningarverðlaun Grindavíkurbæjar árið 2011.

Alli hefur gegnt félagsstörfum og þá aðallega tengdum íþróttum en hann hefur verið í stjórn Ungmennafélags Grindavíkur og stjórn knattspyrnudeildar Grindavíkur. Um tíma var hann formaður golfklúbbsins og formaður Lionsklúbbsins.

Alli er mjög listrænn, semur ljóð og spilar á gítar . Hann er einstakur sagnamaður og rifjar hann reglulega upp sögur af fólki og viðburðum úr Grindavík. Nýverið gaf Alli út sína fyrstu bók sem heitir Grindavíkurlús en í þeirri bók má lesa margar lygasögur úr Grindavík. Bókin er ekki sagnfræðirit. Til gamans má geta þess að á morgun ætlar Alli að lesa úr bók sinni í Vélsmiðju Grindavíkur og hvet ég áhugasama að mæta kl. 11 og hlusta.

Eiginkona Alla er Sigurbjörg Róbertsdóttir og eiga þau tvo syni.

**Aðalgeir Jóhannsson**, bæjarstjórn Grindavíkur þakkar þér af heilum hug fyrir þitt framlag til menningarmála í bæjarfélaginu.

**Birna Bjarnadóttir – Bæjarstjórn Grindavíkurbæjar veitir þér heiðursviðurkenningu fyrir framúrskarandi störf í þágu mannúðar- og menningarmála í Grindavík.**

Birna fæddist á Ísafirði 25. október árið 1943. Hún átti mömmu bæði á Ísafirði og í Grindavík og þar af leiðandi dvaldi hún nokkur sumur í Auðsholti í Þórkötlustaðahverfi frá árunum 1950 – 1954.

6. janúar árið 1961 kom Birna ásamt syni sínum á vertíð til Grindavíkur. Þau mæðgin sneru ekki tilbaka því hún kynntist eiginmanni sínum þarna um veturinn. Þau stofnaðu til heimils og bjuggu á Arnarhrauni 1 til ársins 1990 þegar þau fluttu á Blómsturvellina.

Birna var sjómannsfrú og sinnti hún börnum og buru en meðfram því vann hún stutt tímabil í humri og í síld.

Árið 1977 hóf Birna störf á vörubílastöðinni og starfaði hún þar í 16 ár. Á stöðinni var einnig starfrækt Grindavíkurradíó sem var upplýsingaveita fyrir báta. Birnu líkaði vinnan á vörubílastöðinni vel því þar var mikið líf og samneyti við marga.

Birna hefur í gegnum árin unnið mikið og óeigingjarnt starf við Grindavíkurkirkju. Hún hefur verið sjálfboðaliði í barna og unglिंगastarfi og gegndi hún starfi kirkjuvarðar í fjölmörg ár. Birna náði mjög vel til barna og ungmenna og báru þau mikla virðingu fyrir henni.

Með glaðværd, hlýju og hluttekningu gat Birna tekið á móti fólki á öllum aldri í kirkjunni jafnt á hátíðar- sem og sorgarstundum.

Birna hefur verið virk í starfi kvenfélagsins, setið í stjórn Slysavarnardeildar Þórkötlu og um nokkurt skeið starfaði hún í leikfélagi bæjarins. Hún starfaði sem hvíslari í eitt ár hjá leikfélaginu en sýningarnar sem settar voru upp á þessum tíma voru metnaðarfullar og skemmtilegar.

Eiginmaður Birnu er Daníel Jónsson og eiga þau 3 börn, 7 barnabörn og 13 barnabarnabörn.

**Birna Bjarnadóttir**, bæjarstjórn Grindavíkur þakkar þér af heilum hug fyrir þitt framlag til mannúðar- og menningarmála í bæjarfélaginu.

## **Björn Birgisson– Bæjarstjórn Grindavíkurbæjar veitir þér heiðursviðurkenningu fyrir framúrskarandi störf í þágu menningarmála í Grindavík.**

Björn fæddist 25. apríl árið 1951. Hann ólst upp á Ísafirði en kom til Grindavíkur árið 1975 eftir viðkomu á Fáskrúðsfirði.

Þegar Bjössi eins og hann er kallaður flutti til Grindavíkur þekkti hann engann og fannst honum bærinn vera töluvert á eftir hvað ákveðna innviði varðaði. Rotþrær við hvert hús í stað holræsa og gatna og gangstéttamál var ábótavant. Bjössi talar um að bæjarfélagið hafi farið úr því að vera langt á eftir sambærilegum bæjum yfir í það að vera í fremstu röð í innviðauppbyggingu og þjónustu.

Flestir Grindvíkingar vita um hvaða hús í bæjarfélaginu er átt við þegar spýtukofinn er nefndur. Heimili þeirra hjóna er einstaklega vel við haldið og garðurinn ávallt til fyrirmyndar og ber þeim hjónum gott vitni.

Bjössi kenndi við Grunnskóla Grindavíkur í 16 ár en síðustu ár starfsævinnar stússaðist hann í blaðaútgáfu, var umboðsmaður fyrir ferðaskrifstofu og Tryggingamiðstöðina.

Bjössi hefur verið virkur að kynna sveitarfélagið og pistlar hans margir bera merki um hversu vænt honum þykir um samfélagið Grindavík og hversu mikill Grindvíkingur hann er. Hann hefur haldið á lofti sögunni og Bæjarbót er ómetanleg heimild um uppgangstíma samfélagsins en blaðaútgáfan stóð í 14 ár.

Bjössi var liðtækur í íþróttastarfinu en hann var leikmaður bæði í fótbolta og körfubolta. Hann hefur gegnt formennsku hjá körfuknattleiksdeildinni og hjá UMFG. Margir muna eflaust eftir kunnuglegri rödd hans en hann var vallarþulur lengi bæði fyrir fótboltann og körfuna.

Bjössi sat í kjörstjórn í 12 ár.

Síðustu ár eða frá árinu 2000 hefur Bjössi verið virkur í golfi og það skal tekið hér fram að 4x hefur hann farið holi í höggi.

Eiginkona Bjössa er Ingibjörg Gunnlaugsdóttir og eiga þau 3 börn, 9 barnabörn og 3 barnabarnabörn

**Björn Birgisson**, bæjarstjórn Grindavíkur þakkar þér af heilum hug fyrir þitt framlag í þágu menningarmála í Grindavík.

## **Guðfinna Bogadóttir – Bæjarstjórn Grindavíkurbæjar veitir þér heiðursviðurkenningu fyrir framúrskarandi störf í þágu mannúðar- og menningarmála í Grindavík.**

Guðfinna Bogadóttir fæddist í Stafholti í Grindavík 25. september 1959. Hún gekk í Grunnskóla Grindavíkur og tók gagnfræðapróf frá Héraðsskólanum á Reykholti. Hún stundaði nám frá Fósturskóla Íslands og útskrifaðist þaðan árið 1980.

Guðfinna var fyrsti starfsmaðurinn á Leikskólanum í Grindavík. Hún var hvött til að mennta sig í leikskólafræðum og var Kvenfélag Grindavíkur tilbúið að borga námið fyrir hana. Guðfinna vann á leikskólanum áður en hún fór í námið en eftir námið tók hún að sér byrjendakennslu við Grunnskólann í Grindavík árið 1981.

Gunnlaugur Dan skólustjóri hringdi fyrst í Helgu móður Guðfinnu og spurði hana hvort hún væri tilbúin að taka að sér barn næsta vetur en þá átti hann við að hún myndi gæta barnabarns síns áður en hann biði Guðfinnu kennslu við skólann. Auk þess starfaði Guðfinna sem dagamma á heimili sínu. Það eru því ófá grindvísk börn sem hafa notið uppeldis og fræðslu frá Guggu eins og hún er gjarnan kölluð.

Gugga var formaður Grindavíkurdeildar Rauða kross Íslands í yfir 20 ár. Hún fór margar ferðir á vegum Rauða krossins m.a. til Serbíu og Afríku. Hún kom á stofn saumahóp við deildina, heimsóknarhópum og kenndi á barnfóstrunámskeiðum. Gugga studdi vel við flóttafólk í Grindavík, stuðlaði að samveru, fræðslu og íslenskukennslu fyrir útlendinga búsetta í Grindavík.

Gugga er mikil og skapandi hagleikskona og draumur hennar var að koma á stofn blómabúð í Grindavík, þann draum lét hún rætast þegar hún opnaði Blómakot í gamla Gesthúsi Garðhúsa sem flutt hafi verið á milli Mánagötu og Hafnargötu árið 2008. Litla kotið var vinsælt og fannst bæjarbúum ómetanlegt að hafa blóma- og gjafavörverslun í bænum því fór svo fljótt að Gesthúsið varð of lítið og flutti Gugga verslun sína í stærra húsnæði að Hafnargötu 7. Stærra húsnæði gerði Guggu kleift að deila öðru áhugamáli með gestum og gangandi en það er varðveisla og söfnun gamalla muna en húsnæðið prýða gamlir munir frá ömmu hennar og afa frá Stafholti í Grindavík. Það hefur verið notalegt að drekka kaffi úr einum af bollunum úr safni hennar. Gugga hefur verið vakin og sofin yfir búðinni sinni og fús að aðstoða fólk utan lokunartíma.

Gugga hefur verið í kirkjukór Grindavíkurkirkju yfir 25 ár.

Gugga giftist Einari Bjarnasyni og eiga þau 4 börn og 11 barnabörn.

**Guðfinna Bogadóttir**, bæjarstjórn Grindavíkur þakkar þér af heilum hug fyrir þitt framlag til mannúðar- og menningarmála í Grindavík.

## **Gunnar Tómasson– Bæjarstjórn Grindavíkurbæjar veitir þér heiðursviðurkenningu fyrir framúrskarandi störf í þágu atvinnu– félags– og menningarmála í Grindavík.**

Gunnar Tómasson útgerðarmaður er fæddur í Grindavík þann 9. desember 1954.

Hann ólst upp í Grindavík og var farinn að vinna um leið og hann gat með skóla og í öllum sínum fríum í Þorbirni. Sjórinn og höfnin voru hans athafnasvæði og mér er minnisstæð saga sem faðir minn sagði mér þegar hann dró Gunnar upp úr sjónum við bryggjuna í Grindavík og taldi sig hafa bjargað honum frá drukknun. Þegar hann stóð með Gunnar rennandi blautan á tröppunum í Gnúpi og beið eftir að opnað yrði varð Gunnari eftirfarandi að orði: nú verð ég flengdur helvítið þitt.

Að lokinni grunnskólagöngu fer Gunnar í Verslunarskólann og lýkur stúdentsprófi árið 1974, þaðan lá leiðin í Fiskvinnsluskólann í Hafnarfirði og útskrifast hann sem fiskiðnaðarmaður 1977. Hann lýkur námskeiði í verkstjórnarfræðum á vegum Iðnþróunarstofnunar Íslands árið 1976.

Gunnar hefur verið mikill frumkvöðull í slysavarnarmálefnum Íslands. Hann var formaður björgunarsveitarinnar Þorbjarnar frá 1978 í 10 ár og tók þátt í mörgum björgunarafrekum. Þar áður var pabbi hans Tómas Þorvaldsson formaður til fjölda margra ára. Gunnar var fulltrúi sjálfboðaliða í Almannavarnarráði í 10 ár.

Gunnar hefur gegnt ýmsum trúnaðarstörfum svo sem verið forseti Slysavarnarfélags Íslands og var í teyminu sem stóð saman að sameiningu undir merkjum Landsbjargar.

Á sviði íþróttanna hefur Gunnar setið í stjórn UMFG bæði sem gjaldkeri og formaður. Einnig hefur hann verið í stjórn körfuknattleiksdeildar Grindavíkur og gaman er að segja frá því að Gunnar spilaði í fyrsta körfuboltaliðinu sem var myndað af hópi valinkunna karlmannna úr Grindavík sem ruddu braut körfuknattleiks í Grindavík.

Gunnar á þvlíkt safn af ljósmyndum frá Grindavík og bæjarlífinu, það eru verðmætar heimildir um bæinn og samfélagið. Hann er einnig fróður um staðhætti og umhverfi bæjarins og segir skemmtilega frá.

Sýningargluggarnir sem tilheyra Þorbjarnarbyggingunum miðla sögu fiskvinnslu frá árum áður. Þorbjarnarsystkinin hafa verið í fararbroddi í atvinnuuppbyggingu og stutt dyggilega við menningar og íþróttastarf í Grindavík.

Eiginkona Gunnars er Rut Óskarsdóttir og eiga þau 3 syni og 11 barnabörn.

**Gunnar Tómasson**, bæjarstjórn Grindavíkur þakkar þér af heilum hug fyrir þitt framlag í þágu atvinnu– félags– og menningarmála í Grindavík.

**Jónas Þórhallsson – Bæjarstjórn Grindavíkurbæjar veitir þér heiðursviðurkenningu fyrir framúrskarandi störf á vettvangi íþróttahreyfingarinnar í Grindavík.**

Jónas er fæddur 18. september 1956 og uppalinn í Sandgerði. Hann flutti til Grindavíkur árið 1974 þegar hann kynntist eiginkonu sinni.

Fyrstu árin í Grindavík vann hann við smíðar ásamt því að stunda sjómennsku. Hann fór snemma að vinna við bókhald og starfaði lengst af á skrifstofunni hjá Þorbirni.

Ungur fékk Jónas áhuga á fótbolta og hóf feril sinn hjá uppeldisfélagi sínu Reyni Sandgerði. Þegar hann flutti til Grindavíkur fór hann strax að spila með Grindavík og auk þess að vera leikmaður til margra ára varð hann síðar formaður knattspyrnudeildarinnar og í stjórn hennar í tugi ára.

Leikmenn þeirra tíma lögðu torf á grasvöllinn og byggðu Gula húsið í sjálfböðavinnu að miklu leyti. Jónas vann fórnfúst sjálfböðaliðastarf og var vakinn og sofinn yfir velferð knattspyrnunnar í Grindavík. Hann hafði sínar skoðanir um hvernig reka ætti knattspyrnufélag og var með fullt af hugmyndum. Hann barðist fyrir því að m.a. íþróttafélög fengju afnuminn virðisaukaskatt af vinnu við uppbyggingu íþróttamannvirkja. En í kjölfar bankahrunsins vildi hann örva uppbyggingu. Hann fylgdi málinu fast eftir m.a. með því að senda bréf til ráðherra mennta- og íþróttamála og fjármálaráðherra. Einnig hafði hann samband við bæjarstjóra hringinn í kringum landið. Hann var kallaður inn á fund viðskipta- og efnahagsnefndar. Segja má að mál Jónasar hafi orðið að lögum 1. mars árið 2009 undir kjörorðinu Allir vinna.

Alls hefur Jónas verið viðloðandi fótboltann í Grindavík í yfir 50 ár, hann hefur einnig setið í stjórn Ungmennafélags Grindavíkur og unnið ötullega fyrir Knattspyrnusamband Íslands og meðal annars setið þar í stjórn.

Með háleitum markmiðum staðfestu og vinnusemi hefur Jónas átt stóran þátt í að hefja lið UMFG til vegs og virðingar. Jónas hefur skapað sér velvild með ljúfri framkomu og hjálpssemi í hvívetna.

Jónasi er annt um umhverfi sitt en árið 1983 byrjaði hann að hirða gras frá nærliggjandi görðum og görðum ættmenna. Þarna fór Jónas markvisst að loka sárum og græða upp svæði. Hann byrjaði í kringum 50 ára+ blokkina en síðan færði hann sig í átt að Þorbirni. Í 41 ár hefur Jónas gengið með gras í svörtum ruslapokum, sáð og séð græna bletti stækka hér í umhverfinu. Jónas er staðráðinn í því að næsta verkefni verður að rækta varnargarðana sem umlykja Grindavík í dag og tengja þá sem hluta að útivist og lýðheilsu íbúanna.

Eiginkona Jónasar var Dröfn Vilmundardóttir og eignuðust þau 3 börn og 7 barnabörn. Dröfn lést á síðasta ári.

**Jónas Þórhallsson**, bæjarstjórn Grindavíkur þakkar þér af heilum hug fyrir þitt framlag til íþróttahreyfingarinnar í bæjarfélaginu.

## **Kristín Elísabet Pálsdóttir– Bæjarstjórn Grindavíkurbæjar veitir þér heiðursviðurkenningu fyrir framúrskarandi störf í þágu barna– og menningarmála í Grindavík.**

Kristín Elísabet fæddist 25. febrúar árið 1961 í Keflavík. Hún fluttist fjögur ára gömul til Grindavíkur og hefur búið þar síðan þá.

Kristín byrjaði snemma að vinna með börnum. Hún byrjaði þó í fiskvinnslu á sumrin, vann þá í saltfiski en 14 ára sagði hún upp eftir að vísu viðkomu í humri því hún vildi vinna með börnum.

Eftir 9. bekk hóf hún störf á rólóvellinum og hefur unnið með börnum síðan. Kristín vann á leikskólanum nánast frá stofnun hans árið 1978. Hún útskrifaðist frá Fósturskóla Íslands árið 1987 en árið 2011 tók hún viðbótarnám frá kennaradeild HÍ og náði sér í B.ed gráðu í leikskólakennarafræðum.

Kristín gerði sér lítið fyrir eftir 7 ára hlé frá leikskólastarfi og tók að sér starf deildarstjóra í einum af safnleikskólum bæjarins. Það er ómetanlegt að eiga slíka konu að, sem ýtir sínu til hliðar og leggur okkur lið á erfiðum tímum með farsæld grindvískra barna að leiðarljósi.

Kristín hefur ekki setið auðum höndum þegar lítið er til félagsmála. Upptalning í punktaformi er í raun nauðsynleg þar sem skemmtilegt er að geta þessara verkefna og ætla ég að telja þau hér upp:

- Sat í nemendaráði í grunnskóla
- Virkur félagi í Leikfélagi Grindavíkur meðan það starfaði
- Stofnfélagi í JC félaginu í Grindavík og út frá þeirri vinnu voru settir á fót hreinsunardagar og vegvísar í bænum
- Kom á laggirnar fyrstu jólasveinþjónustu bæjarfélagsins
- Formaður Suðurnesjadeildar félags leikskólakennara
- Formaður og í stjórn foreldrafélags grunnskóla
- Kom að stofnun Listvinafélags Grindavíkur
- Hefur margoft tekið að sér veislustjórn og skemmt á viðburðum í Grindavík
- Haldið listasmiðjur fyrir börn í tengslum við Sjóarann síkáta
- Sat í stjórn Norræna félags Grindavíkur og gegndi þar formennsku
- Umsjón með barnastarfinu Grindavíkurkirkju síðan 1997
- Hefur sungið með kirkjukórnum í mörg ár
- Verið sjálfboði í starfi með íbúum sem leitast eftir alþjóðlegri vernd, bæði í íslenskuspjalli og sem félagslegur stuðningur

Kristín er með miðpróf í einsöng en söngur er fjölskyldunni í blóð borinn. Hún ásamt 5 systkinum sínum hafa sungið og komið fram á mörgum viðburðum, aðallega í tengslum við Sjóarann síkáta.

Í fjölskyldufyrirtækinu Vísí hefur Kristín setið sem stjórnarformaður og tók hún við af föður sínum en í dag situr hún enn í stjórn. Vísisfjölskyldan hefur verið í fararbroddi í atvinnuuppbyggingu í Grindavík og látið gott af sér leiða m.a. með dyggum stuðningi við íþróttá- og menningarmál.

Kristín er einstakur og litríkur karakter, stundum skemmtilega fljótfær og er manna fyrst til að gera grín að sjálfri sér.

Eiginmaður Kristínar er Ágúst Þór Ingólfsson og eiga þau 3 börn og 9 barnabörn.

**Kristín Elísabet Pálsdóttir**, bæjarstjórn Grindavíkur þakkar þér af heilum hug fyrir þitt framlag í þágu barna– og menningarmála í Grindavík.



**Stefanía Ólafsdóttir – Bæjarstjórn Grindavíkur veitir þér heiðursviðurkenningu fyrir framúrskarandi störf í þágu menntamála í Grindavík.**

Stefanía Ólafsdóttir eða Stella eins og hún er jafnan kölluð er fædd í Reykjavík 29. mars 1950. Stella bjó fyrst með móður sinni í Gnúpi hjá Tómasi Þorvaldssyni og Huldu konu hans. Þegar Stella var 2ja ára gömul fluttist hún í grunnskólann með móður sinni þar sem hún gegndi stöðu húsvarðar. Þær mæðgur bjuggu þar til ársins 1956 en Dröfn systir Stellu fæðist í skólanum.

Stella útskrifaðist frá Háskóla Íslands með B.a. gráðu í íslensku árið 1975 og stundaði viðbótarnám til kennsluréttinda árið 1983.

Stella hóf störf við Grunnskóla Grindavíkur sem kennari árið 1975 og varð yfirkennari og síðar aðstoðarskólalastjóri árið 1987. Hún hefur með ljúfu viðmóti, umhyggju og yfirvegun verið nemendum og starfsfólki tryggur leiðtogi. Stella hefur verið akkeri skólans og tekist á við erfið verkefni þegar gefið hefur á bátinn. Hún hefur haft velferð skólans og menntun grindvískra ungmenna að leiðarljósi og stuðlað að framþróun og uppbyggingu skólans.

Stella sat í skólanefnd Fjölbrautaskóla Suðurnesja árin 1996 til 2004.

Þegar Jón Hólmgeirsson féll skyndilega frá tók Stella við formennsku í sóknarnefnd við Grindavíkurkirkju en áður hafði hún gegnt varaformennsku. Jón hafði lofaði henni því þegar hún tók við varaformennsku að hún þyrfti ekki að gegna formennsku en eins og allt sem Stella tekur sér fyrir hendur vann hún hlutina af fagmennsku, trúnaði og hógværð. Á þeim tíma sem Stella var formaður sóknarnefndar keypti sóknin nýtt pípuorgel í kirkjuna. Þá var kirkjugarðurinn stækkaður, sett upp nýtt torg í garðinum sem og hleðslurnar sem setja sterkan svip á garðinn.

Stella var virk í sjálfboðaliðastarfi við fótboltann og tók hún ófáar vaktirnar í Gula húsinu.

Stella er gift Bjarna Andrésyni og eiga þau þrjú börn og fimm barnabörn.

**Stefanía Ólafsdóttir**, bæjarstjórn Grindavíkur þakkar þér af heilum hug fyrir þitt framlag til menntamála í bæjarfélaginu.